
ÖRLYGSHAFNARVEGUR Í VESTURBYGGÐ

breytt veglína undir Skersmúla

Ákvörðun um matsskyldu

Inngangur

Þann 25. febrúar 2015 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða breytingu á Örlýgshafnarvegi undir Skersmúla, Vesturbyggð samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Vesturbyggðar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Örlýgshafnarvegur (612), Skápadalur-Patreksfjarðarflugvöllur í Vesturbyggð. Tilkynning um breytingu undir Skersmúla. Vegagerðin Akureyri 23. febrúar 2016.

Umsagnir bárust frá:

- Vesturbyggð með bréfi dags. 16. mars 2016.
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með tölvupósti dags. 29. mars 2016.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 21. mars og 11. apríl og tölvupósti 22. apríl 2016.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 21. mars 2016.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 30. mars, 1. og 15. apríl 2016.

Fyrirhuguð framkvæmd

Fram kemur að fyrirhuguð er breyting á um 1,6 km löngum vegkafla undir Skersmúla í Patreksfirði. Vegkaflinn sem stefnt er á að breyta nær frá stöð 10700 við Skersbug að stöð 12300 í mynni Sauðlauksdal.

Forsaga málsins er sú að árið 2015 fyrirhugaði Vegagerðin endurbætur á Örlýgshafnarvegi (612) við sunnanverðan Patreksfjörð í Vesturbyggð. Fyrirhugað var að endurbyggja, lagfæra og leggja bundið slitlag á núverandi veg milli Skápadalsár í Skápadal og Patreksfjarðarflugvallar í mynni Sauðlauksdals. Framkvæmdakaflinn sem kynntur var í skýrslu Vegagerðarinnar er alls um 8,4 km langur og liggur um lönd Skápadals, Kots, Hvalskers og Sauðlauksdals. Matsskylda framkvæmdarinnar var könnuð hjá Skipulagsstofnun samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun tók ákvörðun þann 25. júlí 2015 um að framkvæmdin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fram kemur að fyrirhuguð breyting á legu Örlýgshafnarvegjar, feli í sér færslu veglínunnar úr bröttum hlíðum Skersmúla, um 100-150 m til norðurs. Nýr vegur myndi að jafnaði liggja í um 100 m frá núverandi vegi en þar sem fjarlægðin er mest, verði hún um 145 m. Með þessari breytingu lengist framkvæmdakaflinn um tæplega 0,5 km til vesturs. Samkvæmt nýrri legu, víkur veglína út frá núverandi vegi til norðvesturs við stöð 10700 og liggur í boga milli núverandi vegar og aflagðrar flugbrautar Patreksfjarðarflugvallar. Veglínán kemur aftur inn á núverandi veg við stöð 12200 og fylgir honum að útboðsenda við stöð 12300, í mynni Sauðlauksdals. Þessi breytingatillaga Vegagerðarinnar hefur minni röskun lands í för með sér í hlíðum Skersmúla en endurbygging núverandi vegar, auk þess lækki vegurinn um 16 m í landi, miðað við hæð núverandi vegar.



Umhverfisáhrif

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að fyrirhuguð breyting á veglínu muni ekki raska verðmætu gróðurlendi eða hafa áhrif á útbreiðslu fágæts gróðurs á svæðinu. Þvert á móti muni breytt lega Örylgshafnarveggar á umræddu svæði hafa jákvæð áhrif á gróðurfar, þar sem vegurinn færir á gróðurminna land en núverandi vegur liggir um. Ef gróðursvæði raskist við framkvæmdina verði þau grædd upp við frágang svæðisins, í samráði við landeigendur og til samræmis við aðliggjandi gróður. Vegagerðin gerir ráð fyrir tímabundnum, neikvæðum áhrifum á fugla á framkvæmdatíma vegna umferðar vinnuvéla og jarðrasks við vegagerð og efnistöku. Til að neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdanna á fuglalíf verði sem minnst reynt að skerða óraskað land sem minnst. Talið er að áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir og vatn verða lítil sem engin. Fornleifar innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis hafi verið skráðar í kjölfar matsskyldukönnunar árið 2015. Niðurstöður þeirrar rannsóknar liggja fyrir. Við stöð 11630, ofan núverandi vegar, er fornleif skráð. Ný lega vegarins á þessum kafla sé fjær fornleifinni og hafi þar með jákvæð áhrif á skráðar minjar á svæðinu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er hvatt til þess að aflagður kafla núverandi vegar verði afmáður.

Í svörum Vegagerðarinnar er fallist á að aflagði vegurinn verði fjarlægður að því tilskyldu að einhugur sé um það meðal landeigenda.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að fyrri minjaskráning hafi eingöngu verið á 100 m breiðu beltum en samkvæmt greinargerð Vegagerðarinnar standi til að færa veginn um 100 til 150 m. Veglínan verði því utan þess svæðis sem var rannsakað á fyrri stigum. Því telur Minjastofnun að fá þurfi fornleifafræðing til að skoða það svæði sem breytt veglína nái til. Niðurstöðurnar þurfi síðan að bera undir Minjastofnun.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að sandsvæðinu sem breytingartillaga Vegagerðarinnar nái til hafi áður verið raskað með mannvirkjagerð vegna byggingar Patreksfjarðarflugvallar og annarra bygginga tengdum rekstri hans. Þá sé um að ræða sandsvæði sem Landgræðsla ríkisins hafi unnið við að græða upp um langt árabil. Ný veglína Vegagerðarinnar ætti því ekki að raska mikið óröskuðu landi. Ný veglína undir Skersmúla muni að mestu liggja á fyllingu, sem telja verður að hafi lítil áhrif á þær fornleifar sem kunni að leynast undir melnum og sandinum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Í frekari umsögn Minjastofnunar kemur fram að þar sem fyrri minjaskráning hafi tekið til svæðis innan 50 m frá miðlínu vegar til hvorrar handar þá leiki ekki vafi á nauðsyn þess að athuga hvort fornleifar séu á þeim 1,6 km kafla sem hliðrun vegarins nái til. Minjastofnun ítteki fyrri kröfu sína um að fornleifaskráning fari fram á því svæði sem breytt veglína Örylgshafnarveggar nái til.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að haft verði samband við fornleifafræðing til að skrá fornleifar í sandinum. Vegagerðin bendi á þá leið að unnt sé að gæta að slíku atriði með því að binda skilyrði um slíkt við útgáfu framkvæmdaleyfis, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 144/2012, þar sem fram kemur að skráning fornleifa skuli fara fram áður en gengið verði frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Óheimilt sé að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar, sbr. 4. málsl. 2. mgr. 16. gr. laga um menningarminjar. Með slíkum fyrirvara geti framkvæmdaraðili ekki ráðist í framkvæmdir án viðunandi skráningar. Fyrirvari um skráningu fornminja vegna framkvæmda eigi að mati Vegagerðarinnar ekki að hafa áhrif á það hvort breyting á Örylgshafnarvegi skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í tölvupósti Minjastofnunar dags. 22. apríl 2016 eru ekki gerðar athugasemdir við þetta fyrirkomulag sem Vegagerðin leggur til.



Skipulag og leyfisveitingar

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Vesturbyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Skipulagsstofnun bendir á að óheimilt er að gefa út framkvæmdaleyfi fyrr en fornleifaskráningu er lokið og niðurstaða hennar hefur verið kynnt Minjastofnun Íslands.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða færslu Örylgshafnarveggar á 1,6 km kafla undir Skersmúla í Vesturbyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur með hliðsjón af eðli, umfangi, staðsetningu og hugsanlegra áhrifa framkvæmdar ekki nauðsynlegt að meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Þar ræður mestu hversu umfangslítil framkvæmdin er þar sem um er að ræða færslu 1,6 km vegarkafla um 10 til 150 m utan svæða sem teljist viðkvæm eða njóti verndar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð breyting á legu Örylgshafnarveggar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 30. maí 2016.

Reykjavík, 27. apríl 2016.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson